

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík.

Reykjavík, 10. júní 2016.

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu samnings Íslands og ESB um viðskipti með landbúnaðarvörur, 783. mál.**

Útanríkismálanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um framangreinda þingsályktunartillögu. Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að fullgilda samning milli Íslands og ESB um ívilnanir í viðskiptum með landbúnaðarvörur sem undirritaður var 17. september 2015.

Samkvæmt samningnum gefst framleiðendum innlendra landbúnaðarafurða kostur að flytja tollfrjálst til ríkja innan ESB aukið magn afurða, einkum kindakjöt og skyr. Á sama hátt er opnað fyrir aukinn tollfrjálсан innflutning á landbúnaðarafurðum frá ríkjum ESB. Þar má nefna nauta-, svína og alifuglakjöt, osta og unnar kjötvörur. Aukningin mun eiga sér stað á næstu 4 árum eftir að samningsaðilar hafa fullgilt samninginn.

Úthlutun á tollfrjálsum innflutningi á landbúnaðarafurðum frá ESB löndum þar sem eftirspurn er meiri en framboðið, fer til þeirra sem hæsta greiðslu bjóða fyrir takmarkað magn. Útboðsverðið leggst ofan á innflutningsverð sem ígildi tolls. Því getur innflutningsverð á tollfrjálsum landbúnaðarafurðum orðið nálægt hið sama og innflutningsverð á samskonar afurðum sem tollur leggst á. Þannig nýtist tollfrelsið neytendum takmarkað í lægra vöruverði.

SA vænta þess að aukinn tollfrjálсан innflutningur landbúnaðarvara frá ESB ríkjum lækki uppboðsverð á tollkvótum innfluttra afurða og stuðli þar með að lægra vöruverði til neytenda og aukinni hagræðingu og framleiðni í innlendra framleiðslu og vinnslu viðkomandi afurða. Jafnframt vænta SA þess að auknir möguleikar innlendra framleiðenda til að flytja út tollfrjálсар afurðir til ESB ríkja verði til þess að bæta afkomu innlendra framleiðslufyrirtækja á landbúnaðarafurðum.

Hinu er ekki að leyna að lækkun eða afnám innflutningstolla á fullunnum vörum framleiddum úr landbúnaðarhráefnum, s.s. súkkulaði, ís og bökunarvörum, hygla erlendum keppinautum og veikja samkeppnisstöðu íslenskra iðnfyrirtækja gagnvart þeim. Fjármálaráðherra hefur heimildir til að fella niður tolla af hráefni til iðnaðarframleiðslu og er slíkt alla jafna gert nema í tilviki landbúnaðarhráefna. Ástæða er til að nýta þessar heimildir frekar.

Samtök atvinnulífsins hvetja Alþingi engu að síður til að veita heimild til að fullgilda samninginn frá 17. september 2016.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins.

